

Bæjarráð - 613

**Haldinn í bæjarráðssal,
14.05.2020 og hófst hann kl. 17:15**

Fundinn sátu: Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir formaður,
Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri,
Lárus Ástmar Hannesson (LÁH) áheyrnarfulltrúi,
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (HH) aðalmaður,
Erla Friðriksdóttir aðalmaður,
Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson, bæjarritari

13. 2005036 - Opnunartími Eldfjallasafns

Til umræðu er opnunartími Eldfjallasafns fyrir sumarið 2020 og starfsemi næsta vetur.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir fyrirkomulagi á sumaropnum safnanna. Stefnt er að eftirfarandi sumaropnun:

Norska húsið opið 11-17.

Vatnasafn opið 11-17 (með kóða).

Eldfjallasafn opið 13-17.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að útfæra skipulag starfsemi Eldfjallasafnsins næsta vetur og leita umsagnar safna- og menningarmálanefndar, Eflingar Stykkishólms og atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd - 3

**Haldinn í fundarsal á 3. hæð,
22.05.2020 og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu: Magda Kulinska aðalmaður,
Sara Hjörleifsdóttir aðalmaður,
Halldór Árnason formaður,
Símon Már Sturluson aðalmaður,
Kári Hilmarsson aðalmaður,
Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Símon Már Sturluson, ritari atvinnu- og nýsköpunarnefndar

8. 2005036 - Opnunartími Eldfjallasafns

Á fundi bæjarráðs Stykkishólms, 14. maí sl., var óskað eftir umsögn atvinnu- og nýsköpunarnefndar um starfsemi Eldfjallasafnsins næsta vetur. Rætt var um starfsemi

safnsins á undanförnum árum og kosti og galla þess að bæjarsjóður verji áfram fjármunum til starfseminnar.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd telur að þeim fjármunum sem bæjarsjóður ver í starfsemi Eldfjallasafnsins sé betur varið til stuðnings margra annarra framfaramála í Stykkishólmi. Starfsemi safnsins hefur ekki náð að þróast nægjanlega sem lifandi safn til að vera aðdráttarafl og stuðningur við ferðaþjónustu í Stykkishólmi. Nefndin leggur til við bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að segja upp samningi við eiganda Eldfjallasafnsins og kanna aðra og betri möguleika á nýtingu húsnæðisins.

Bæjarráð - 614

**Haldinn í bæjarráðssal,
28.05.2020 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu: Gunnlaugur Smárason varamaður,
Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri,
Lárus Ástmar Hannesson (LÁH) áheyrnarfulltrúi,
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir (HH) varaformaður,
Erla Friðriksdóttir aðalmaður,
Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson, bæjarritari

8. 2005036 - Opnunartími Eldfjallasafns

Bæjarráð vísar tillögunni til umsagnar í safna- og menningarmálanefnd.